

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/2009

frá 3. júlí 2009

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2008 frá 4. júlí 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að halda áfram samstarfi samningsaðilanna á sviði framkvæmdar og þróunar innra markaðarins.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti haldið áfram eftir 31. desember 2008.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 7. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað orðanna „fjárhagsárin 2004, 2005, 2006, 2007 og 2008“ í 6. mgr. komi orðin „fjárhagsárin 2004, 2005, 2006, 2007, 2008 og 2009“.
2. Í stað orðanna „fjárhagsárin 2006, 2007 og 2008“ í 7. mgr. komi orðin „fjárhagsárin 2006, 2007, 2008 og 2009“.
3. Í stað orðanna „fjárhagsárið 2008“ í 8. mgr. komi orðin „fjárhagsárin 2008 og 2009“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2009 að telja.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 28.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.